

# STARFSLEYFI

## fyrir flutning á seyru Avalsson ehf.

kt. 6703191480  
Brúarfljót 5A, Mosfellsbær

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### Leyfið gildir frá XX. febrúar 2026 til XX. febrúar 2038

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir, hverju sinni, sé fylgt.

#### Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs flutnings á seyr sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lið 8.4 um aðila sem sérhæfa sig í flutningi á seyr í viðauka X við sömu reglugerð.

#### Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma m.a. í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024 um húsnæði og lóðir
- Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 1450/2025
- Reglugerð um meðhöndlun seyr nr. 799/1999
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023

#### Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfseminna, sbr. *fylgiskjal*.

#### Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness  
Kópavogur, 15. janúar 2026

## Sértæk starfsleyfissskilyrði fyrir hreinsanir á fráveitukerfum, tæmingar á rotþróm, ræsum, skiljum, olíutönkum og skyldum búnaði.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Í samræmi við ákvæði starfsleyfis Avalsson ehf., Brúarfljóti 5, Mosfellsbæ ber fyrirtækinu að hafa samráð og fylgja fyrirmælum heilbrigðis-eftirlits á því starfssvæði sem unnið er hverju sinni um losun úrgangsefna og ef við á um val á akstursleiðum.
- 1.2 Skilyrðin ná til tæminga á rotþróm, göturæsum og lögnum, skiljum og skyldum búnaði svo og losun á úrgangi úr slíkum búnaði til förgunar eða til viðurkenndra móttökustöðva fyrir slíkan úrgang.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfissskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfissskilyrði.
- 1.4 Forsvarsmenn rekstrar eru ábyrgir fyrir því að úrgangur sem myndast við reksturinn fari í viðurkennda förgun, þ.m.t. úrgangur úr þróm og skiljum. Þegar fyrirtækið tæmir þrær og skiljur yfirtekur það hluta þeirra ábyrgðar. Fyrirtækinu ber því að afla upplýsinga um úrganginn og hvar megi farga honum. Ef óvissa er um val á losunarstað skal hafa samráð við viðkomandi heilbrigðiseftirlit um val á förgunarstað.

### 2. Framkvæmd hreinsunar og förgun.

#### 2a. Rotþrær

- i. Því aðeins er heimilt að losa seyru til ræktunar að fyrir liggi staðfesting þess að umráðamaður lands hafi til þess leyfi viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis sbr. ákvæði reglugerðar 799/1999 um meðhöndlun seyru.
- ii. Seyru úr rotþróm skal að öðrum kosti eingöngu fara með á viðurkennda sorpförgunarstaði, í fráveitukerfi bæjarfélaga að höfðu samráði við viðkomandi rekstrar aðila eða á aðra þá staði sem viðkomandi heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt.
- iii. Fyrirtækið skal halda skrá yfir losun rotþróa og geta lagt fram staðfestingu þess efnis í a.m.k. fjögur ár eftir hreinsun.
- iv. Fyrirtækið skal upplýsa verkkaupa ef ástand rotþróar er ábótavant að mati starfsmanns þess.

#### 2b. Frárennslislagnir (dren- og skólþkerfi)

- i. Við losun á seyru, eðju og öðrum úrgangi úr skólþögnum og -brunnum gilda sömu ákvæði og við losun á seyru úr rotþróm (liður 2a.ii.). Sama gildir um skólþmengað efni úr drenlögnum sveitarfélaga.
- ii. Losun á sandi og grjóti úr niðurfallsbrunnum og drenlögnum skal fara fram á stöðum sem viðkomandi sveitarfélög vísar á.
- iii. Verði vart annars konar mengunar, s.s. olíumengunar í fráveitukerfum skal verkkaupi upplýstur og förgun úrgangs ákveðin í samræmi við eiginleika mengunarinnar. Ef um óvænta eða umtalsverða mengun er að ræða skal viðkomandi heilbrigðiseftirliti gert viðvart.

#### 2c. Fituskiljur

- i. Úrgangur úr fituskiljum skal eingöngu losa á viðurkenndum sorpförgunarstöðum.

#### 2d. Aðrar skiljur og þrær.

- i. Ef óvissa er um gerð og eiginleika efna í þró eða skilju sem á að losa, skal áður en að tæmingu kemur, hafa samráð við heilbrigðiseftirlitið sbr. grein 1.4.
- ii. Taði og mykju sem dælt er úr þróm skal losa á viðurkennda sorpförgunarstaði sveitarfélaga nema að fyrir liggi heimild heilbrigðisnefndar fyrir öðrum móttökustað.

### 3. Holræsabifreiðar

- 3.1 Fyrirtækið skal sjá um að holræsabifreiðar fyrirtækisins séu jafnan vel þrífarnar, snyrtilegar og greinilega merktar fyrirtækinu.
- 3.2 Eftirlit og viðhald með bifreiðum, vélum, dælum, leiðslum og mengunarvarnabúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað leki, smit eða óleyfileg útlosun.
- 3.3 Í holræsabifreiðum skal vera búnaður (s.s. skóflur, plastpokar og ísogsefni sem sýgur í sig olíur og önnur spilliefni) til að bregðast við ef óhapp verður.
- 3.4 Tanka, dælur og barka holræsabifreiða skal þrifa eins og kostur er við verklok á viðkomandi móttökustað. Önnur þrif bifreiða skal eingöngu fara fram á þvottaplönnum sem hafa fullnægjandi mengunarvarnabúnað.

### 4. Eigið eftirlit



Fylgiskjal við starfsleyfi Avalsson ehf, Brúarfljóti 5, Mosfellsbæ, kt. 670319-1480, útgefið dags. XX. febrúar 2026.

- 4.1 Fyrirtækið skal halda skrá (dagbók) yfir þau verk sem það sinnir og falla undir skilyrði þessi. Þar skal m.a. skrá upplýsingar um verkkaupa, hvar verkið er unnið, losunar- eða förgunarstað og eftir atvikum gerð úrgangs og magn með þeirri nákvæmni sem raunhæft er að krefja.
- 4.2 Fyrirtækinu ber að veita viðkomandi heilbrigðiseftirliti upplýsingar úr skrá sem getið er um í skilyrðum þessum ef eftir þeim er óskað.

#### 5. Ýmis ákvæði

- 5.1 Starfsleyfisskilyrði þessi skulu varðveitt í starfsstöð fyrirtækisins en afrit af þeim skal vera í öllum holræsabílum fyrirtækisins og skal efni þeirra kynnt verkkaupa þegar ástæður krefja.
- 5.2 Bílstjórar skulu hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna, sem þeir vinna með hverju sinni.
- 5.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness  
Kópavogur, 15. janúar 2026

